Nr. 1231 31. október 2022

# AUGLÝSING

**um breytingar á vátryggingarfjárhæðum ökutækjatrygginga.**

1. gr.

Með vísan til 6. mgr. 8. gr. laga um ökutækjatryggingar, nr. 30/2019, er ákveðið að hámark vátryggingarfjárhæðar ábyrgðartryggingar ökutækis skv. 5. mgr. 8. gr. sömu laga verði 5.067 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 523 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Með vísan til 4. mgr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar, nr. 30/2019, er ákveðið að hámark vátryggingarfjárhæðar slysatryggingar ökumanns og eiganda skv. 3. mgr. 9. gr. sömu laga verði 380 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu vátryggingartaka skv. 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1244/2019 um ökutækjatryggingar, er 573.000 kr. fyrir einstakling og 2.867.000 kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu í iðgjaldagrundvelli skv. 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar er 143.000 kr.

4. gr.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi auglýsing um breytingu á vátryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrygginga, nr. 148/2017.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 31. október 2022.*

F. h. r.
**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Hjörleifur Gíslason.*

B-deild – Útgáfudagur: 14. nóvember 2022